LEIKHÚS
KVIKMYNDIR
TÓNLIST
SKEMMTANIR

Líf & fjör



UMSJÓN
Kolbrún Berþórsdóttir


Frumkvöðull nýrrar húsagerðar

Á laugardag verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning um Sigurð Guðmundsson arkitekt en hann er höfundur margra þekktra húsa, svo sem Austurbæjarskóla, Sogsvirkjana og Fossvogskapellu.

Sigurður Guðmundsson, sem fæddist árið 1885 og lést 1958, var annar í röð þeirra Íslendinga sem fyrstir nutu háskólamenntunar í byggingarlist í upphafi aldarinnar, næstur á eftir frumherjanum, Guðjóni Samúelssyni. Árið 1925 hóf hann rekstur fyrstu einkareknu arkitektastofunnar hér á landi og starfrækti hana allt til dauðadags.

Í rúma þrjá áratugi var Sigurður einn helsti leiðtogi í stétt íslenskra arkitekta og með verkum sínum hafði hann mikilvæg áhrif á þróun íslenskrar húsagerðarlistaar. Hann var í senn seinasti fulltrúi hinnar klassísku hefðar í byggingarlist og frumkvöðull nýrrar húsagerðar í anda Bauhaus-stefnunnar. Áhrif klassísku stefnunnar eru auðsæ í fyrstu verkum Sigurðar er hann teiknaði á árunum 1925-30, svo sem Barnaskóla Austurbæjar og innréttingu Reykjavíkurapóteks í Austurstræti.

Árið 1929 teiknaði Sigurður fyrsta íbúðarhús hér á landi eftir hugmyndum módernismans, hús Ólafs Thors að Garðastræti 41, en bygging þess markaði tímamót í íslenskri húsagerðarsögu. Næstu árin teiknaði Sigurður ýmsar merkar byggingar í anda funksjónalismans og teiknistofa hans varð helsta miðstöð nútímaarkitektúrs hér á landi.



Tillaga Sigurðar Guðmundssonar að stúdentagarði á Skólavörðuholti.

HELGIN FRAMUNDAN HVAÐ ER Í BOÐI?

Flug og fjör Kristjáns

Mér finnst myndlist Kristjáns vera í sífelldri þróun, hún verður sífellt léttari og flug og fjör meir en nokkru sinni áður," segir Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, um rúmlega þrjátíu myndir Kristjáns Davíðssonar frá síðustu tíu árum, en þær getur að líta á sýningu á Kjarvalsstöðum sem verður opnuð á laugardaginn.

Kristján, sem er áttræður, er helsti fulltrúi ljóðrænnar abstraktlistar á Íslandi. „Það kom mér á óvart þegar ég fór að vinna þessa sýningu að Kristján einskorðar sig ekki við eitt ákveðið form," segir Eiríkur. „Í fyrstu myndum frá þessum tíu árum er leikandi fjörugt pensillíf út um allan flöt og mikil litagleði. Síðan koma inn sterkir litfletir. Nú allra síðustu árin er mikil pensilskrift í einum dökkum lit á næstum hvítan flöt. Þannig að það er heilmikill leikur í þessum myndum."

Kristján Davíðsson er orðinn áttræður, en er á listrænu flugi sem aldrei fyrr. Mynd: E.Ól.